



Reykjavík, 15. október 2024

PON24050027

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið, f.h. skóla- og frístundasviðs

Samkeppnisviðræður nr. 15936 Umsjónarkerfi fyrir félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar

Framangreint EES-útbod hófst á forvali, en umsóknir vegna þess voru opnaðar þann 11. janúar 2024. Fimm aðilar sendu inn umsókn:

1. Advania Ísland ehf.
2. Vettvangur ehf.
3. Abler ehf.
4. IOS Hugbúnaður ehf.
5. Memaxi ehf.

Einn viðauki var sendur út á forvalstímabilinu sem innihélt svör við spurningum. Umsóknir allra ofangreindra aðila stóðust hæfiskröfur forvalsins. Útboðslýsing var birt þann 22. maí 2024. Tveir aðilar skiluðu inn tilboði, Vettvangur ehf. og Abler ehf. Skýringarfundir og kynningar frá bjóðendum voru haldnar með báðum aðilum á tímabilinu 12. júní til 19. júní 2024. Gæðamat fór fram á tímabilinu 20. júní til 25. júní 2024. Með bréfi dags. 25. júní 2024 var Vettvangi ehf. boðið að skila inn nýrri tillögu sem samræmdist kröfum útboðsgagna innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, í samræmi við kafla 0.2 í útboðslýsingu. Staðfesti Vettvangur ehf. með bréfi sama dag að þau myndu ekki skila nýrri tillögu og segðu sig þar með frá ferlinu.

Viðræður við þátttakandann Abler ehf. fóru fram á tímabilinu 8. ágúst til 4. september 2024. Í kjölfar viðræðna var Abler ehf. boðið að skila inn endurbættu tilboði.

Abler ehf. skilaði endurbættu tilboði þann 3. október 2024. Þar sem engar breytingar voru á gæðamati stendur fyrra gæðamat óbreytt. Umslag B, þ.e. endanlegt verðtilboð Abler ehf., var opnað þann 7. október 2024.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og annarra matsþátta (gæða) samkvæmt tilboðsblaði.

Vægi verðs var 40% og vægi annarra matsþátta (gæða) var 60%. Mest var hægt að fá 60 stig fyrir aðra matsþætti (gæði). Skiptust þau í 23 stig fyrir greinargerð, 21 stig fyrir matskröfur og 16 stig fyrir notagildi og viðmót, samtals 60 stig.



Abler ehf. hlaut eftirfarandi stig:

Matspáttur	Stig
Greinargerð	18,3
Matskröfur	12,2
Notagildi og viðmót	13,7
Samtals aðrir matspættir en verð	44,2
Stig fyrir verð, sbr. kafli 0.8.2	40
Samtals stig	84,2

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið endurbætt tilboð Abler ehf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að Abler ehf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið endurbætt tilboð Abler ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Abler ehf. að fjárhæð 38.177.500 kr. án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða. Samningstími er þrjú ár með heimild til að framlengja tvisvar um tvö ár í senn. Samningstími getur því mest orðið sjö ár.

Virðingarfyllst,

Sævar Guðbergsson

Verkefnastjóri stafrænnar Reykjavíkur

Fylgiskjöl:

1. Opnunarfundargerð
2. Matsblað (trúnaðarmál)



Reykjavík



Fylgiskjal 1 - Opnunarfundargerð

Árið 2024, þann 7. október kl. 13:45 voru opnuð inn verðtilboð - Umslag B - í Borgartúni 12-14, Reykjavík, vegna EES útboðs Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, nr. 15936 „Umsjónarkerfi fyrir félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar".
Umsóknir opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á umsóknarfresti voru sendir út tveir viðaukar.

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn tilboðum:		Heildartilboðs- verð án vsk.	
1	Abler ehf.	Kr.	38.177.500 88,78%
	Kostnaðaráætlun*	Kr.	43.000.000 100,00%

*Leiðrétt 14. október 2024

Fleiri tilboð bárust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 13:48